

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

1. október 2020

Efni: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa, mál nr. S-119/2020.

Samtök atvinnulífsins skiluðu fyrir tæpum tveimur árum umsögn um 1. útgáfu áætlunarinnar sem hefur nú verið uppfærð, metnaðarfullri markmið sett og fjölmörgum aðgerðum bætt við. Áætlunin er góður grunnur til að vinna að markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi og auka bindingu kolefnis með bindingu í jarðlögum, landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.

Loftslagsbreytingar eiga fyrst og fremst rætur sínar í gríðarlegri notkun á kolum, olíu og jarðgasi sem við bruna losa koltvísýring (CO_2) út í andrúmsloftið. Til að bregðast við þurfa að verða grundvallarbreyting á orkubúskap heimsins og að um um miðja öldina þurfi 70 - 85% af raforkunotkun heims að vera frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Svipuð þróun þarf að eiga sér stað um iðnaðarferla, ásamt breytingum á innviðum (húsnæði, samgöngur o.fl.). Einnig þurfi að eiga sér stað umfangsmiklar breytingar á landnotkun m.a. með skógrækt. Allar þessar breytingar krefjast gríðarlegra rannsókna, nýsköpunar og fjárfestinga.

Hér á landi er orkunotkun meiri en víðast og ólíkt því sem á við um flest ríki kemur raforka og hitaorka nánast einungis úr endurnýjanlegum orkulindum. Þetta hefur skapað mikla þekkingu á nýtingu jarðvarma og vatnsafls sem nýta má víða annars staðar í heiminum. Grænvangur er mikilvægur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Hlutverk Grænvangs er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Grænvangur vinnur með íslenskum fyrirtækjum að markaðssetningu grænna lausna á alþjóðamarkaði undir merkjum Green by Iceland og kynnir framlag Íslands í loftslagsmálum innanlands og utan. Full ástæða er til að taka mið af þessu starfi við mótun aðgerðaáætlunarinnar en ekki verður séð að það hafi verið gert þótt á það hafi verið bent í athugasemdum við 1. útgáfu.

Árangur Íslands mun ráðast af samkeppnishæfni atvinnulífsins. Forsendurnar eru að stjórnvöldum takist að móta samkeppnishæf rekstrarskilyrði fyrirtækja, að það sé auðvelt að stofna fyrirtæki, að skattbyrði þeirra sé hófleg, að vextir og almennt efnahagsumhverfi sé eins og best verði á kosið og að nýsköpun, rannsóknum og þróun sé gert hátt undir höfði. Tækniþróun, nýjar lausnir, fjárfestingar ásamt hugviti og framtaki einstaklinga og fyrirtækja mun ráða úrslitum um hvernig tekst að ráða fram úr vandanum sem við er að etja. Í þessu samhengi má nefna verkefni

um framleiðslu eldsneytis hér á landi sem nýta innlenda endurnýjanlega orkugjafa og aðföng.

Markmið Íslands um að draga úr losun ráðast að hluta af stefnumótun Evrópusambandsins (ESB). Hún er tvískipt og tekur annars vegar til þess sem fellur undir viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS) þ.e. losun frá orkuvinnslu, orkufrekum iðnaði og flugsamgöngum og hins vegar almenna losun.

Markmið ESB og Íslands hafa ekki að öllu leyti farið saman. Stjórnvöld hér á landi hafa stefnt að svokölluðu kolefnishlutleysi árið 2040 og að almenn losun utan ETS minnki um 40% frá árinu 2005 til ársins 2030. ESB stefnir að kolefnishlutleysi árið 2050 og eftir reglum sambandsins er gert ráð fyrir 29% almennri minnkun losunar hér á landi til 2030. Að auki hefur ESB sett aðildarríkjum sínum markmið um aukinn hlut endurnýjanlegrar orku í orkubúskapnum og um orkunýtingu bygginga.

Nú um þessar mundir eru að koma fram á vegum ESB enn strangari markmið um samdrátt losunar til ársins 2030 (55% frá 2005), um aukinn hlut endurnýjanlegrar orku frá því sem áður var ákveðið og enn auknar kvaðir um orkunýtingu. Þessar tillögur eiga eftir að fara til umfjöllunar í Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB og er gert ráð fyrir að endanlegar tillögur verði tilbúnar um mitt næsta ár. Engan veginn er víst að þessar tillögur leiði til frekari skuldbindinga af hálfu Íslands en stjórnvöld hafa þegar sett fyrir árið 2030 enda er afar óheppilegt að breyta þessum markmiðum með tiltölulega skömmum fyrirvara þar sem 5 – 8 ár gefast til undirbúnings og að hrinda nýjum markmiðum í framkvæmd. Íslensk stjórnvöld verða sérstaklega að gæta að reglum um bindingu kolefnis þannig að aðstæður hér geti að fullu nýst til bindingar í jarðlögum, landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis.

Samtök atvinnulífsins taka undir ítarlegar tillögur og ábendingar aðildarsamtaka SA um einstök verkefni í aðgerðaáætluninni.

Virðingarfyllt,



Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri.